

***BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort hundaeftirlitið borgi leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur - R20010132***

Fram kemur í svari frá Heilbrigðiseftirlitinu að öll starfsemi HER er staðsett í Borgartúni 12 eins og fram kemur á heimasíðu, á bréfsefnum og í undirskriftum starfsmanna, Þá er spurt: Er Hundaeftirlitið að borga leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur? Ef svo er, hver er sú upphæð á ári? Í svari frá HER segir að „innri leiga er greidd til eignasjóðs Reykjavíkurborgar sem er reiknuð eftir sömu reglum og aðrar einingar HER hjá Umhverfis- og skipulagssviði greiða og miðast við fjölda starfsmanna hvernar einingar. Tveir starfsmenn gera 1% af starfsmönnum sviðsins í húsinu og er leigan um 3,7 milljónir á ári.“ Spurt er þá hvort þetta þýði þá að Umhverfis- og skipulagssvið sé að greiða 30 milljónir á mánuði í húsaleigu, fyrir 200 starfsmenn? Kvartað hefur verið undan að hundaleyfisgjald sé jafnvel talið hærra en nemi kostnaði sem borgin hefur af hundahaldi, spurt er í hvað hundagjöldin fara. HER kannast ekki við slíkar kvartanir enda sé „reksturinn gagnsær. Í þessu sambandi vill Flokkur fólksins spyrja hvort kvörtun HRFÍ til Umboðsmanns Alþingis árið 1994 sé gleymd? <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/180/skoda/reifun> Því miður krafðist Umboðsmaður Alþingis ekki rannsóknar á fjármálum eftirlitsins á þeim tíma.